

# GÓÐ LESTRARKENNSLA

Lestur er flókin hugræn aðgerð fyrir börn og er ekki meðfæddur eiginleiki heldur færni sem þau þurfa að læra. Möguleikar fólks til samfélagslegrar þátttöku ráðast af lestrarfærni og læsi þess og er mikil fylgni á milli lestrarkunnáttu og margra lýðheilsufræðilegra þátta. Það má því vera ljóst að mikilvægt er að tryggja að allar forsendur til lestrarnáms verði sem bestar og að vandað sé til formlegrar lestrarkennslu allan grunnskólann til að tryggja öllum börnum tækifæri til að verða vel læs.

Það er hlutverk alls samfélagsins að skapa forsendur til þess að gera þegna sína læsa en engum dylst að formleg lestrarkennsla fer fram á grunnskólastiginu og þar þarf að vanda til verka. Góður lestrarkennari þarf að búa yfir þekkingu á þeirri hugarstarfsemi sem á sér stað við lestur, hann þarf að geta tekið vel ígrundaðar ákvarðanir sem miða að því að tryggja nemendum sem bestan árangur hverju sinni og hann þarf að þekkja fjölbreyttar aðferðir og bjargir til að eflast og vaxa í hlutverki sínu sem lestrarkennari. Þetta er þó ekki alveg svo einfalt því „Skólinn þarf jafnframt að styðja lestrarkennara og starf þeirra með því að byggja stuðningsnet innan skólans sem hjálpar kennurum að halda utan um nemendahópinn, t.d. með skipulagðri teymisvinnu sérkennara, bekkjarkennara, lestrarsérfræðingar og stuðningi frá skólastjórnendum. Þannig eiga nemendur ekki allt sitt undir „góðum kennara“ heldur tryggja samræmdar aðferðir í skólaskipulaginu úrræði í samræmi við eðli vandans“ (Steinunn Torfadóttir, 2011, bls. 14). Hér er ónefndur hlutur heimilisins og leikskólans við að efla og treysta undirstöður fyrir lestrarnám og læsi en fjölmargar rannsóknir staðfesta það að undirbúningur fyrir læsi hefst við fæðingu.

Læsi er margþætt og verður til á löngum tíma. Segja má að við verðum seint læs til fulls því alltaf verða til staðar ný viðfangsefni með tilheyrandi orðaforða og hugtökum sem verða á vegi okkar ævina á enda. Hér á landi, sem og víðar, hefur ekki verið hefð fyrir formlegri lestrarkennslu eftir að stærstur hluti nemendahóps í 1.–4. bekk er orðinn umskráningarfær en við stutta umhugsun má vera ljóst að læsisþarfir barns í 1. bekk og barns í 10. bekk eru ekki þær sömu. Því verður lestrarkennsla að taka mið af vitsmunaproska og viðfangsefnum í námi og vera í takti við þær kröfur sem námsefnið gerir hverju sinni. Þessi staðreynd gerir það að verkum að kennarar verða að búa yfir góðri undirstöðuþekkingu á grunnhugtökum lestrarfræðinnar, á þróun lestrar og kunna skil á gagnreyndum aðferðum sem skila góðum árangri. Síðast en ekki síst verða kennarar sem fyrirmyndir að hafa ástríðu fyrir bókalestri til að geta miðlað til nemenda sinna mikilvægi og ávinningi af lestri.

Eins og fram hefur komið skiptir góð lestrarkennsla miklu máli og hún verður aðeins möguleg ef lestrarkennarinn býr yfir góðri þekkingu á undirstöðuþáttum lestrar og læsis ásamt gagnreyndum aðferðum í kennslu. Lítið hefur verið skrifað um formlega lestrarkennslu á íslensku en margir reyndir kennarar þekkja *Leið til læsis: Handbók* og er ágætt að byrja á því að kynna sér hana ef kennarar þekkja hana ekki. Efni handbókarinnar var unnið af mörgum sérfræðingum á sviði læsis og þrátt fyrir að vera komið aðeins til ára sinna hefur það haldið gildi sínu. Efninu er ætlað að leiðbeina kennurum við innleiðingu á snemmtækri íhlutun til að tryggja öllum börnum góða, einstaklingsmiðaða lestrarkennslu og koma í veg fyrir langvarandi lestrarvanda. Í efninu er jafnframt að finna góða, fræðilega umfjöllun um undirstöðuþætti og þróun lestrar og eru kennarar, læsisteymi og lærdómssamfélög hvött til að kynna sér efnið vel. *Leið til læsis: Handbók*, má finna á *Læsisvefnum*.

## Heimildaskrá

Binks-Cantrell, E., Washbur, E.K., Joshi, R.M., og Hougen M. (2012). Peter effect in the preparation of reading teachers. *Scientific Studies of Reading*, 16, 526–536.

Bos, C., Mather, N., Dickson, S., Podhjaski, B. og Chard, D. (2001). Perceptions and knowledge of teacher candidates and inservice educators about early reading instruction. *Annals of Dyslexia*, 51, 97–120.

Scanlon, D.M., Anderson, K.L. og Sweeney, J.M. (2017). *Early intervention for reading difficulties: The interactive strategies approach* (2. útg.). New York: The Guilford Press.

Spear-Swerling, L. og Brucker, P.O. (2003). Teachers' acquisition of knowledge about English word structure. *Annals of Dyslexia*, 53, 72-103.

Steinunn Torfadóttir. (2011). Leið til læsis. Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 11–14). Reykjavík: Námsmatsstofnun og Háskóli Íslands.